

Útfillt umsókn sendist á grindavik@skatturinn.is

Umsækjandi

Nafn	Kennitala
Símanúmer (rekstraraðila/tengiliðar)	Tölvupóstfang (rekstraraðila/tengiliðar)
Lögheimili 31.12.2023	Núverandi aðsetur

Atvinnurekstur

Starfsemi hófst (dagur, mán, ár)	Staðsetning fastrar starfsstöðvar í Grindavík í nóv. 2023		
Umsóknarmánuður	Rekstrartekjur í umsóknarmánuði	Rekstrartekjur sama mánaðar ári fyrr	Ef rekstur hófst eftir 1. nóvember 2022 þarf hér að tilgreina rekstrartekjur frá upphafi rekstrar til 9. nóvember 2023.

Sérstakar aðstæður

Í undantekningartilvikum, þ.e. við sérstakar aðstæður, má nota annað tímabil til viðmiðunar ef það gefur betri mynd af tekjufalli en almennt viðmiðunartímabil. Að jafnaði skal þá miða við tekjur í sama almanaksmánuði tveimur árum fyrr.

Rökstuðningur fyrir öðru tímabili	
Annað tímabil frá dd.mm.áá til dd.mm.áá	Rekstrartekjur á öðru rekstrartímabili

Stöðugildi í nóvember 2023

(skv. sundurl.á bakhlið)

Fjöldi stöðugilda	
-------------------	--

Rekstrarkostnaður umsóknarmánaðar

Rekstrarkostnaður alls	
------------------------	--

Par af (til frádráttar)

Launastuðningur Vinnumálastofnunar	
Fyrning eigna	
Niðurfærsla eigna	

Styrkhæfur kostnaður	
----------------------	--

Meðal skilyrða fyrir styrk er:

Engin vanskil á opinberum gjöldum og skýrsluskilum

Skilyrði er að rekstraraðili sé ekki í vanskilum með opinber gjöld, skatta og skattsektir sem komnar voru á eindaga fyrir 10. nóvember 2023 og álagðir skattar og gjöld byggjast ekki á áætlunum vegna vanskila á skattframtölum og skýrslum, þ.m.t. staðgreiðsluskilagreinum og virðisaukaskattskýrslum, til Skattsins síðustu þrjú ár áður en umsókn barst eða síðan rekstraraðili hóf starfsemi ef það var síðar. Að auki skal rekstraraðili, eftir því sem við á

og á sama tímabili, hafa staðið skil á ársreikningum samkvæmt lögum um ársreikninga og upplýst um raunverulega eigendur samkvæmt lögum um skráningu raunverulegra eigenda.

Ekki gjaldprotaskipti eða slit

Skilyrði er að bú rekstraraðila hafi ekki verið tekið til gjaldprotaskipta. Jafnframt skal það ekki hafa verið tekinn til slita, nema ef slitin eru liður í samruna, skiptingu eða breytingu á rekstrarformi rekstraraðila, og fyrirhugað er að lögaðili sem við tekur haldi rekstri sem umsókn varðar áfram.

Hér með er staðfest að öll framangreind skilyrði fyrir rekstrarstyrk eru uppfyllt

Athygli er vakin á því að við afgreiðslu umsóknar og endurskoðun ákvörðunar um rekstrarstuðning getur Skatturinn farið fram á að rekstraraðili sýni með rökstuðningi og gögnum fram á rétt sinn til stuðnings.

Dagsetning

Undirskrift umsækjanda

Starfsmenn og stöðugildi í nóvember 2023. Hámark 10 stöðugildi.

Stöðugildi

Stöðugildi er skilgreint sem starfshlutfall sem jafngildir fullu starfi launamanns í einn mánuð. Einn launamaður getur því í hæsta lagi jafngilt einu stöðugildi. Tveir launamenn í hálfu starfi í einn mánuð jafngilda samtals einu stöðugildi. Sömuleiðis jafngildir launamaður í heilu starfi hjá rekstraraðila í hálfan mánuð 50% stöðugildi.

Nafn	Kennitala	Starfs- hlutfall %	Laun skv. staðgr.skilum

Tölvupóstfang og símanúmer

Hér þarf að setja inn tölvupóstfang rekstraraðila eða tengiliðar fyrir hans hönd. Einnig símanúmer í þar til gerðan reit.

Starfsemi hófst

Dagsetning þegar að starfsemi hófst sbr. skráningu á launagreiðendaskrá eða virðisaukaskattsskrá.

Föst starfsstöð

Föst atvinnustöð þar sem tekjuaflandi starfsemi aðila fór að nokkru eða öllu leyti fram í Grindavík í nóvember 2023.

Mánuður sem umsókn varðar

Útbúa þarf umsókn fyrir hvern mánuð tímabilið nóvember 2023 til desember 2024.

Rekstrartekjur í umsóknarmánuði

Heildar rekstrartekjur í þeim almanaksmánuði sem umsókn varðar að frádregnum tekjufærðum söluhagnaði, tekjufærðum launastuðningi frá Vinnumálastofnun og tekjufærðum rekstrarstuðningi vegna náttúruhamfara í Grindavík.

Sérstakar aðstæður - annað viðmiðunartímabil

Í sérstökum tilvikum kann almennt viðmiðunartímabil (sami almanaksmánuður ári fyrr) að gefa mjög skakka mynd af tekjufalli rekstraraðila. Það getur t.d. átt við hafi reksturinn legið niðri stóran hluta almenna viðmiðunartímabilsins vegna veikinda eða fæðingarorlofs rekstraraðila og tekjurnar því verið mun lægri en þær væru alla jafna.

Gefa þarf rökstuddar skýringar á því ef annað viðmiðunartímabil er valið en hið almenna. Jafnframt þarf að gera grein fyrir hvaða tímabil er um að ræða og rekstrartekjur á því tímabili.

Rekstrarkostnaður í umsóknarmánuði

Allur gjaldfærður rekstrarkostnaður í umsóknarmánuði skv. 1. tölul. 31. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, að frádregnum stuðningi frá Vinnumálastofnun til greiðslu launa vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ. Einnig færast til frádráttar gjaldfærð niðurfærsla og fyrning eigna.

Fjárhæð rekstrarstuðnings

Rekstrarstuðningur vegna hvers almanaksmánaðar jafngildir hvorri eftirtalinna fjárhæða sem er lægri:

- Rekstrarkostnaði umsækjanda skv. lögunum þann almanaksmánuð sem umsókn varðar.
- Margfeldi eftirfarandi stærða:
 - 600 þús. kr.
 - Fjöldi stöðugilda hjá umsækjanda í nóvember 2023, þó að hámarki tíu stöðugildi.
 - Tekjufall skv. 2. tölul. 4. gr. laga um rekstrarstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ.

Greiðsla rekstrarstyrks

Rekstrarstyrkur skv. samþykktri umsókn verður greiddur inn á bankareikning skattaðila sem skráður er hjá Fjársýslu ríkisins.